



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á aðalfundi Landssambands eldri borgara  
Hafnarfirði  
23. maí 2017**

Félags- og jafnréttismálaráðherra,  
bæjarstjóri Hafnarfjarðar,  
formaður og forystusveit Landssambands eldri borgara,  
aðrir góðir gestir

Ég þakka kærlega fyrir hið góða boð, að fá að ávarpa ykkur á þessum ágæta landsfundi. Eldri borgarar skipta eins miklu máli – eru eins mikilvægir og rétt háir – og aðrir í okkar samfélagi á þessu landi. Þegar við rýnum í menningararf okkar finnum við mörg dæmi um þá virðingu sem borin hefur verið fyrir visku, reynslu og ráðum þeirra sem komnir eru á efri ár. Þetta sýna málshættir okkar og orðtök til dæmis: Oft er gott það er gamlir kveða – Gott er að vera gamall og muna margt – Ekki er hægt gamlan að ginna.

Síðasti málshátturinn knýr mig þó til að nefna að ekki er allt á sömu bókinu lært í þessum efnum. Við eigum líka máltæki um þær breytingar sem fylgi Elli kerlingu. Flest fer með elli, segir eitt þeirra. Ellin hallar öllum leik, segir annað.

Ég gef lítið fyrir meinta speki af þessu tagi um hnignun með aldri. Frekar tek ég undir orðin um visku hinna rosknu. Helst vil ég reyndar gera að mínum orð um samvinnu og samtakamátt þar sem við brúum öll kynslóðabil: Ungir til dáða, gamlir til ráða. Hvað ungur nemur gamall temur. En sem ég segi það freistast ég til að snúa aðeins út úr þessum málsháttum. Hvað með að segja í staðinn: Hvað gamall nemur ungur temur. Gamlir til dáða, ungir til ráða!

Einnig vil ég halda því til haga að við sem yngri erum getum að öllu jöfnu lært margt af ykkur eldri borgurum, ykkur sem lögðu einatt svo hart að ykkur til að skapa hér öflugt velferðarsamfélag, og eigið þess vegna svo sannarlega skilið að njóta launa erfiðisins. Í öldrunarfræðum hef ég lesið um kosti sem eldra fólk búi að öllu jöfnu yfir og eigi að geta miðlað til okkar hinna: Að vera ekki upptekinn af sjálfum sér, eigin kostum og göllum, að hafa hóflegan áhuga á

veraldlegum gæðum og óþarfa, njóta frekar jákvæðrar einveru og íhugunar, að búa yfir aukinni víðsýni og umburðarlyndi, og er þá ekki allt talið.

Auðvitað er þetta ekki algilt. Víst er til þröngsýnt eldra fólk, upptekið af sjálfu sér á fullri ferð í lífsgæðakapphaupinu, rétt eins og gildir um fólk á öllum öðrum aldri. En kæru vinir, aldur fólks á ekki að vera föst mælistika á getu þess, óskir og viðhorf. Fólki á ekki að raða í kvíar eða bása eftir aldri. Eldri borgarar eru eins ólíkir og fólk á öðrum aldri í samfélaginu. Um sumt eiga þeir þó sameiginlega hagsmuni. Það er í verkahring stjórnmalaleiðtoga og embættismanna að tryggja sanngjörn réttindi og lífsskilyrði þeirra sem eru komnir á efri ár. Um þann vilja má lesa í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, að sveigjanleg starfslok verði meginregla og frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega verði hækkað. Með þessum hætti njótum við áfram krafta þeirra sem vilja og geta lagt sitt af mörkum til samfélagsins.

Ekki skulum við þó lokað augunum fyrir því að öldrun geta fylgt veikindi og kvillar, og sumt fólk þarf umönnun og aðstoð heima við eða þarf jafnvel að flytja á dvalar- eða hjúkrunarheimili. Þess vegna hyggst ríkisstjórnin líka styðja þann málaflökk, fjölga rýmum í dagþjálfun aldraðra og stytta biðtíma. Það er lofsvert, og ekki síður að huga að forvörnum, fyrirbyggjandi aðgerðum. Fyrir skemmstu sótti ég málþing um heilsueflingu eldri aldurshópa. Með ríkum rökum má benda á að við getum bætt lífskjör aldraðra og sparað okkur öllum stórfé með átaki í þeim efnum, með því að hvetja og styðja eldri borgara til að huga að heilsu sinni, með heilsurækt, útvíst, félagslífi, íþróttum og öðrum leiðum sem styrkja sál og líkama.

Við berum öll ábyrgð á eigin lífi. Við getum ekki kennt öðrum um allt sem miður fer ef við erum sjálf ábyrgðarlaus um eigin hagi. Vissulega verður enginn neyddur til þess að hreyfa sig meira, neyta heilnæms fæðis, forðast hvers kyns óhollustu. Við ættum hins vegar að hvetja alla til að sjá samhengið milli þess að hugsa vel um sig og eiga þá frekar í vændum heilbrigt og hamingjusamt ævikvöld. Og ég leyfi mér ítreka þá ósk mína að við verjum frekari tíma, orku og fé í forvarnir og kynningu á þessum vettvangi. Í því liggur allra hagar.

Ágætu eldri borgarar: Hvert æviskeið á sín einkenni. Við eigum að stefna að því láta öllum auðnast að eldast fallega; því lýsti Stephan G. Stephansson í einu kvæða sinna. Hann fjallar þar um tímana tvenna, að vera sonur morgunroðans – halda tryggð við það sem manni er kennt í uppvexti, virða þann jarðveg sem maður er sprottinn úr. En vera líka vinur aftansólar, þykja vænt um nýja tíma, siði og viðhorf þegar ævinni hallar. Ég geri heilræði Klettafjallaskáldsins að mínum lokaorðum:

Láttu hug þinn aldrei eldast eða hjartað.

Vinur aftansólar sértu,  
sonur morgunroðans vertu.